

Frosið sólarlag

Og þegar þú stendur þar
Horfandi á mig
Sérð í gegnum mig
Hér og nú
Allt er svart
Horfandi á mig
Sérð í gegnum mig

Segðu hvað þú ert að hugsa
Ég veit það, hvað þú ert að þurfa
Augnablik, fingraför, horfðu á mig
Segðu mér það hreint út hvað þú vilt

Því ég er með spurningar
Þú gefur ekkert svar
Hálftómar setningar
Svo við festumst í stað
Frosið sólarlag
Þú virðist alltaf þar

Og þegar þú stendur þar
Horfandi á mig
Sérð í gegnum mig
Hér og nú
Allt er svart
Horfandi á mig
Sérð í gegnum mig

Segðu hvað þú ert að hugsa
Vil vita hvað þú ert að þurfa
Því þú ert þögul sem gröf
Við tvö endurtökum andartök

Þú, þú, þú vilt eitthvað
Veit ekki
Þú, þú, þú gefur mér veikt merki

Sama hvað ég reyni
Virðist þú alltaf á sama stað
Stödd í öðrum heimi
Horfandi á frosið sólarlag

Og þegar þú stendur þar
Horfandi á mig
Sérð í gegnum mig
Hér og nú
Allt er svart
Horfandi á mig
Sérð í gegnum mig (Sérð í gegnum mig)

Og þegar þú stendur þar
Horfandi á mig
Sérð í gegnum mig
Hér og nú
Allt er svart
Horfandi á mig
Sérð í gegnum mig (Sérð í gegnum mig)